

Alþingi
Erindi nr. P 132/1317
komudagur 14.3.2006



talsmaður neytenda

Alþingi - nefndasvið
B.t. ritara iðnaðarnefndar
Alþingi
150 Reykjavík

Embætti talsmanns neytenda
Forbrugertalsmanden
The Consumer Spokesman

tn@tn.is www.tn.is

Höfðaborg
Borgartúni 21, 2. hæð
IS-105 Reykjavík
Sími 510 1100, fax 510 1101

Reykjavík, 10.03.2006
Tilv. 2005/0037

GT

Efni: Umsögn talsmanns neytenda um 391. mál, tillögu til þingsályktunar um stefnumótandi byggðaaætlun fyrir árin 2006-2009 (132. löggjafarþing)

Inngangur

Vísað er til bréfs yðar, dags. 16. febrúar sl., um ofangreint þingmál og beðist velvirðingar á að ekki gafst færi á að skila umsögn innan þess frests sem gefinn var.

Almennt um þingsályktunartillöguna

Meðal hlutverka embættis talsmanns neytenda er skv. 1. mgr. 6. gr. laga nr. 62/2005 að standa vörð um hagsmuni og réttindi neytenda og stuðla að aukinni neytendavernd. Með hliðsjón af þeim lagaramma og þeim sjónarmiðum sem ég miða við til forgangsröðunar takmarka ég umsögn mína við hagsmuni og réttindi neytenda.

Bættar samgöngur

Tel ég í fyrsta lagi ástæðu til þess að taka undir áherslu í þingsályktunartillögunni á bættar samgöngur og vil í því sambandi áréttta ábendingu um eftirfarandi. Í kjölfar þess að dregið var úr sjóflutningum nýverið og vöruflutningar á vegum stóráuknir án mikils fyrirvara eða undirbúnings er brýn þörf á að bæta gæði og öryggi samgönguleiða. Óbreytt ástand er til þess fallið að skaða hagsmuni neytenda – bæði af því að nýta sér samkeppni frá aðliggjandi svæðum með því að sækja þangað verslun og þjónustu, svo og af góðu vöruframboði og lágu vöruverði sem greiðar og öruggar samgöngur stuðla að. Hef ég vikið að þessu áður í umsögn til þingsins, sbr. umsögn um 12. mál á yfirstandandi þingi.

Bendi ég á þá sérstöðu Íslands sem felst í mikilli bílaeign – sem í tilviki landsbyggðarinnar kann að vera mögulegt að nýta sem styrkleika til þess að

talsmaður neytenda

- stendur vörð um hagsmuni og réttindi neytenda
- stuðlar að aukinni neytendavernd
- gefur út rökstuddar álitserðir
- gerir tillögur um úrbætur
- kynnir reglur um neytendamál
- leiðbeinir um meðferð ágreiningsmála
- bregst við brotum gegn réttindum og hagsmunum neytenda
- er óháður fyrirællum frá öðrum

bæta hag neytenda utan höfuðborgarsvæðisins og auka samkeppni þar.

Samkeppnisröskun

Í öðru lagi vil ég hvetja til þess að í tengslum við þingsályktun um stefnumótandi byggðaáætlun til næstu 4ra ára verði tekið til athugunar hvort og eftir atvikum að hve miklu leyti hugsanlegt er reglumhverfi og grunngerð hvað varðar landsbyggðina dragi í raun úr gagnsæi viðskipta og viðskiptakjara. Ef svo er kann samkeppni að líða fyrir það og þar með valkostir neytenda á landsbyggðinni og kjör þeirra.


Athugun á hagsmunum neytenda á landsbyggðinni

Að lokum vil ég í þriðja lagi vekja athygli á því að ekkert er í þingsályktunartillögunni eða almennum athugasemdum með henni vikið sérstaklega að hagsmunum neytenda þó að einstakir aðgerðarliðir – og þá ekki síst bættar samgöngur og bætt fjarskipti – hafi mikla þýðingu fyrir neytendur. Sama er að segja um einstaka aðgerðaliði sem lúta að tilteknum þáttum (opinberrar) þjónustu, sbr. 2. tl. og 11-15. tl. helstu aðgerða. Þá vil ég taka undir umfjöllun um samgöngur og fjarskipti í 3. lið áherslna í almennum athugasemdum í greinargerð með þingsályktunartillögunni (bls. 6).

Þrátt fyrir þarumræddar aðgerðir og umfjöllun tel ég að málaflokkurinn neytendamál verðskuldi *sérstaka* og ítarlega umfjöllun í byggðastefnu enda búa neytendur utan höfuðborgarsvæðisins í sumu tilliti við skarðan hlut miðað við neytendur á höfuðborgarsvæðinu. Að mínu mati er ekki nægilegt að styrkja byggðapróun með áherslu á atvinnumál og aðra tekjuskapandi þætti heldur þarf að huga að hagsmunum neytenda af lágum kostnaði og góðum lífskjörum í heild. Tel ég að sérstök áhersla á neytendamál í byggðaáætlun eins og annars staðar þar sem við á í stjórnkerfinu auðveldi forgangsröðun í þágu hagsmuna neytenda og sé þannig til þess fallin að styrkja stöðu þeirra.

Hef ég hugsað mér að heimsækja innan tíðar nokkra landsbyggðarkjarna – þ.m.t. Akureyri þar sem Neytendasamtökin reka skrifstofu – í því skyni að auka þekkingu embættis talsmanns neytenda og meðvitund um hagsmuni neytenda á landsbyggðinni.

Virðingarfyllst,
talsmaður neytenda



Gísli Tryggvason.